

Sýnishorn og leiðbeiningar með gerð heimilda- og myndaskrár

Sýnishorn af heimildaskrá

Aðalsteinn Eyþórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir (önnuðust útgáfu). (2010).

Laxdæla saga: Með formála, skýringum og skrám. Mál og menning. [Prentuð bók]

Ari Páll Kristinsson. (2005, 16. nóvember). Íslensk tunga: staða og form.

Morgunblaðið, bls. 28. [Grein úr prentuðum fjölmiðli]

Britannica. (e.d.). *Viking*. <https://www.britannica.com/topic/Viking-people#ref1254139>

[Höfundarlaus vefsíðugrein]

Hutchby, I. og Wooffitt, R. (2003). *Conversation Analysis: Principles, Practices and Application*. Polity Press. [Prentuð bók eftir tvo erlenda höfunda]

Ragnhildur Vigfúsdóttir. (1992) Allt önnur jól. *Vera* 11(6), 23-24. [Prentuð tímaritsgrein]

Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2021, 25. maí). Opið bréf til góðu strákanna. *Stundin*.

<https://stundin.is/grein/13459> [Grein úr rafrænum fjölmiðli]

Svigitilvísun í heimild kemur í beinu framhaldi af tilvitnun (upplýsingum úr heimild), ekki punktur á milli. Í tilvísun eru settar þær upplýsingar sem koma fyrir í fyrstu tveimur sætum heimildaskrárinnar, auk þess sem setja þarf blaðsíðutal fyrir prentaðar bækur. Ekki er hægt að ætlast til þess að lesandi þurfi að lesa 300 blaðsíðna bók til þess að leita að tilvitnun vilji hann ganga úr skugga um að þið hafið rétt eftir heimildinni. Ef höfundur heimildar er erlendur kemur aðeins ættarnafn hans í tilvísun. Dæmi um heimildaskráningu og samsvarandi tilvísun má sjá hér að neðan:

Hutchby, I. og Wooffitt, R. (2003). *Conversation Analysis: Principles, Practices and Application*. Polity Press.

(Hutchby og Wooffitt, 2003, bls. XXX)

Britannica. (e.d.). *Viking*. <https://www.britannica.com/topic/Viking-people#ref1254139>

(Britannica, e.d.)

Nánari upplýsingar um skráningu heimilda má finna á [vefsíðu Ritvers HÍ](#).

Myndaskrá

Myndaskrá skal setja upp með sama hætti og heimildaskrá, þ.e. sömu upplýsingar þurfa að vera til staðar, auk þess sem draga þarf inn seinni línur um 3-5 stafabil (hangandi inndráttur). Vísa þarf til myndaskrár með sama hætti og heimildaskrár. Sýnishornin hér að neðan miðast við að myndirnar séu teknar af vefsíðu. Auðvitað er hægt að taka myndirnar úr öðrum heimildum en þá þurfið þið bara að gæta þess að skáletra gæti þurft annan lið heimildaskráningarinnar.

Lesvefurinn, um læsi og lestrarörðugleika. (e.d.). *Án titils* [ljósmynd]. Velkomin á vefinn um læsi og lestrarerfiðleika. <https://lesvefurinn.hi.is/>

(Lesvefurinn, e.d.)

Ragnar Hólm (ljósmyndari). (2022, 8. desember). *Verðlaunahafarnir. Frá vinstri Selma Dís Hauksdóttir, Mars Baldurs og Guðrún María Aðalsteinsdóttir* [ljósmynd]. Mars Baldurs er Ungskáld Akureyrar 2022. Akureyrarbær. <https://www.akureyri.is/is/frettir/mars-baldurs-er-ungskald-akureyrar-2022>

(Ragnar Hólm, 2022)

Verkmenntaskólinn á Akureyri. (2024, 17. maí). *Nýbygging við VMA verður á norðurplani skólans* [ljósmynd]. Stækkun á húsnæði VMA.

<https://www.vma.is/is/skolinn/frettir/staekkun-a-husnaedi-vma>

(Verkmenntaskólinn á Akureyri, 2024)